

Samningur um viðbótarlífeyrissparnað

Undirrituð/Undirritaður („rétthafi“) og Lífsverk lífeyrissjóður („sjóðurinn“), kt. 430269-4299 Engjateigi 9, 105 Reykjavík, gera með sér eftirfarandi samning um reglulegan viðbótarlífeyrissparnað í séreignardeild sjóðsins samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

1. gr.

Með samningi þessum skuldbindur rétthafi sig til þess að greiða mánaðarleg iðgjöld til séreignardeildar sjóðsins í samræmi við ákvæði samnings þessa. Sjóðurinn skuldbindur sig til þess að taka á móti greiddum iðgjöldum rétthafa í séreignardeild sjóðsins og gerast þannig vörsluaðili iðgjaldanna sem og ávaxta iðgjöldin og greiða þau út í samræmi við ákvæði samnings þessa.

Um samninginn fer nánar eftir samþykktum Lífsverks lífeyrissjóðs, lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sem og reglugerð nr. 698/1998 um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarverndar auk leiðbeinandi tilmæla FME um framkvæmd reglugerðarinnar.

2. gr.

Rétthafi:	Núverandi launagreiðandi:
Kennitala:	Kennitala:
Heimilisfang:	Heimilisfang:
Póstnúmer:	Póstnúmer:
Staður:	Staður:
Sími:	Sími:
Netfang:	Netfang:

Sjóðurinn sendir ofangreindum launagreiðanda undirritað eintak af samningi þessum. Berist sjóðnum upplýsingar frá rétthafa um nýjan launagreiðanda mun sjóðurinn senda nýjum launagreiðanda afrit samnings þessa.

3. gr.

Rétthafi skuldbindur sig til þess að greiða mánaðarleg iðgjöld til séreignardeildar sjóðsins í samræmi við neðangreint:

- ___ 2% af heildarférhæð launa (hækkar í 4% 1. júlí 2014).
- ___ 2% af heildarférhæð launa.
- ___ Annað hlutfall af launum ___%
- ___ Fasta férhæð _____ kr.

Gjalddagi iðgjaldagreiðslutímabils er tíundi næsta mánaðar. Eindagi skal vera síðasti dagur sama mánaðar og iðgjald fellur í gjalddaga. Iðgjaldagreiðslur skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir undirritun samnings þessa.

4. gr.

Rétthafi getur valið eina af eftirfarandi leiðum til ávöxtunar greiddra iðgjalda sinna í séreignardeild sjóðsins:

Val á leið	Ávöxtunarleiðir	Innlán	Ríkistryggð skuldabréf	Önnur skuldabréf	Innlend hlutabréf	Erlend hlutabréf
<input type="checkbox"/>	Lífsverk 1	4%	58%	8%	12%	18%
<input type="checkbox"/>	Lífsverk 2	4%	83%	13%		
<input type="checkbox"/>	Lífsverk 3	50%	50%			

Sé engin ofangreindra ávöxtunarleiða valin eru greidd iðgjöld rétthafa ávöxtuð samkvæmt Lífsverk 2.

Hlutfallstölur í ofangreindri töflu eru markmið um eignasamsetningu samkvæmt fjárfestingarstefnu viðkomandi ávöxtunarleiða. Upplýsingar um eignasamsetningu eru á heimasíðu sjóðsins. Sjóðurinn skal gæta þess að fjárfestingarstefna sé ávallt í samræmi við þau ákvæði VII. kafla laga nr. 129/1997, sem taka til séreignardeildar sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að víkja frá markmiði um eignasamsetningu samkvæmt fyrirfram ákveðnum vikmörkum í fjárfestingarstefnu. Fjárfestingarstefnan er endurskoðuð a.m.k. árlega.

Sjóðnum ber að ávaxta greidd iðgjöld samkvæmt þeirri ávöxtunarlíð sem réttthafi hefur valið að framan frá þeim degi er sjóðnum berast iðgjöld vegna réttthafa. Berist skilagrein frá launagreiðanda síðar en iðgjöld er sjóðnum skylt að reikna vexti frá skráningardegi skilagreinar í samræmi við þá ofangreindu ávöxtunarlíð sem réttthafi hefur valið, enda geti sjóðurinn ekki áður sérgreint fé réttthafa sem launagreiðandi greiðir iðgjöld fyrir. Iðgjöld skulu bera sömu vexti og iðgjaldareikningur Lífsverks lífeyrissjóðs hverju sinni frá þeim tíma sem það berst vörsluaðila þar til skilagrein er skráð. Varðveisla og ávöxtun iðgjalda séreignardeildar sjóðsins er fjárhagslega aðskilin frá sameignardeild sjóðsins.

Réttthafi ber ábyrgð á því að launagreiðandi skili afdregnum iðgjöldum til séreignardeildar Lífsverks lífeyrissjóðs. Óski réttthafi eftir aðstoð sjóðsins við innheimtu vangoldinna iðgjalda skal skrifleg tilkynning þess efnis berast sjóðnum, ásamt launaseðlum sem sýna afdregin iðgjöld. Við gjaldþrot launagreiðanda ábyrgist Ábyrgðarsjóður launa kröfu sjóðsins um vangoldin iðgjöld sem fallið hafa í gjaldþroti að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. III. kafla reglugerðar nr. 462/2003 um Ábyrgðarsjóð launa.

5. gr.

Heimil er að úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds til séreignardeildarinnar þegar uppfyllt eru skilyrði vegna aldurs, örorku eða andláts réttthafa.

Þegar réttthafi er orðinn 60 ára er heimilt að greiða út lífeyrissparnað ásamt vöxtum í einu lagi eða með jöfnum mánaðarlegum greiðslum til þess tíma sem réttthafi óskar.

Verði réttthafi öryrki og orkutapið, sem hann verður fyrir er 100%, á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með föstum mánaðarlegum greiðslum á sjö árum. Ef örorkuprósentan er lægri en 100% lækkar mánaðarleg útborgun í hlutfalli við lækkan örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Heimilt er að hafa styttri útborgunartíma eða greiða lífeyrissparnað ásamt vöxtum með eingreiðslu þegar um lægri inneign en 500.000 kr. er að ræða. Upphæðin skal breytast árlega í hlutfalli við vísitölu neysluverðs, miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

Falli réttthafi frá áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Heimilt er að greiða hlut erfingja hvort heldur sem er með eingreiðslu eða jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Láti réttthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. málslíð 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997. Með jöfnum mánaðarlegum greiðslum er átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðslumánaða þannig að réttthafi fái á hverju ári þann hluta af innstæðunni að meðtöldum vöxtum sem samsvarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

6. gr.

Réttthafa og sjóðnum er heimilt að segja samningi þessum upp með tveggja mánaða fyrirvara. Uppsögn veitir ekki rétt til útborgunar innstæðu viðbótarlífeyrissparnaðar. Uppsögn réttthafa skal vera skrifleg, undirrituð af honum og send sjóðnum með sannanlegum hætti, t.d. með ábyrgðarbréfi eða tölvubréfi. Hætti iðgjöld vegna réttthafa af einhverjum ástæðum að berast sjóðnum mun sjóðurinn áfram ávaxta innstæðuna í samræmi við þá ávöxtunarlíð sem valin var, og síðar greiða hana út í samræmi við samning þennan.

Við uppsögn samnings þessa er réttthafa heimilt að flytja innstæðu viðbótarlífeyrissparnaðar frá sjóðnum til annarra vörsluaðila, sem boðið geta upp á samninga af þessu tagi, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997. Réttthafi skal senda sjóðnum skriflega tilkynningu þessa efnis með sannanlegum hætti, t.d. með ábyrgðarbréfi eða tölvubréfi. Flutningur innstæðunnar til nýja vörsluaðilans skal eiga sér stað innan tveggja mánaða frá því að sjóðnum berst tilkynning réttthafa. Fjárhæð innstæðu skal flutt að frádregnum kostnaði vegna flutningsins, sem skal nema að hámarki 1% af innstæðu réttthafa, en að lágmarki 5.000 kr. Réttthafa er einnig heimilt að flytja innstæðuna milli ávöxtunarlíða Lífsverks lífeyrissjóðs. Flutningur skal eiga sér stað innan tveggja mánaða frá því að sjóðnum berst tilkynning réttthafa.

Réttthafa er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi þessum. Heimilt er þó að gera sérstakan samning samkvæmt 1.-3. tölul. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 um skiptingu réttindanna milli réttthafa og maka hans svo og flytja innstæðuna milli vörsluaðila samkvæmt framangreindu.

Hætti réttthafi störfum fellur samningur þessi þá þegar úr gildi, nema réttthafi óski þess sérstaklega að halda áfram að greiða til séreignardeildar sjóðsins í samræmi við samning þennan. Réttthafi skal tafarlaust senda sjóðnum skriflega tilkynningu þess efnis með sannanlegum hætti, t.d. með ábyrgðarbréfi eða tölvubréfi.

7. gr.

Réttthöfum er óheimilt að framselja, veðsetja eða á annan hátt ráðstafa innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi um viðbótartryggingavernd eða lífeyrisréttindi í séreign. Þó er heimilt að gera samkomulag skv. 1.-3. tölul. 3. mgr. 14. gr. laga nr. 129/1997 um skiptingu réttindanna milli réttthafa og maka hans.

8. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Ágreiningsmál vegna samningsins skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Með undirritun samningsins staðfestir réttthafi að hafa kynnt sér og skilið þær reglur og samþykktir Lífsverks lífeyrissjóðs sem um samning þennan gilda. Með undirritun samningsins staðfesta aðilar jafnframt efni og skilmála samnings þessa og undirgangast jafnframt að hlíta þeim lögum, reglum og samþykktum sem um samninginn gilda.

Staður og dagsetning

Réttthafi

F.h. Lífsverks lífeyrissjóðs